

Kópavogsbær

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Bláfjöll - skíðasvæði

Ósk um heimild til að breyta deiliskipulagi

Fyrir hönd Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins óskar undirritaður eftir að gerði verði breyting á deiliskipulagi skíðasvæðisins í Bláfjöllum.

Breytingin er m.a. til komin vegna endurskoðunar Veðurstofu Íslands á hættumatslínu C vegna vegna snjóflóða. Hættumatslína þessi færast ofar í hlíðina sem verður til þess að meira svigrúm er til að staðsetja mannvirki utan línunnar.

Breyting á deiliskipulagi fellst í eftirfarandi:

1. Efri hluta byggingarreits nýrrar stólalyftu Gosa við Suðurgil er hliðrað um 60-70 m til suðurs en staðsetning efri endastöðvar á þessum stað er talin heppilegri við nánari skoðun nú þegar verið er að staðsetja fyrirhugaða stólalyftu. Vegna færslu byggingarreits til suðurs færist rör- og rafdreifikerfi fyrir snjóframleiðslu samhliða.
2. Neðri hluta byggingarreits nýrrar stólalyftu Drottningar við Kóngsgil er hliðrað um 10 m til suðurs en staðsetning efri endastöðvar á þessum stað er talin heppilegri við nánari skoðun nú þegar verið er að staðsetja fyrirhugaða stólalyftu.
3. Staðsetning hættumatslínu C vegna snjóflóða neðan Suðurgils er uppfærð í samræmi við nýja legu línunnar frá Veðurstofu Íslands.
4. Byggingareit aðstöðuhúss Ulls er hliðrað til suðurs um 30 m auk þess sem hann lengist um 15 m til vesturs. Staðsetning þessi er talin heppilegri vegna minni landhalla og er færsla þessi möguleg vegna færslu hættumatslínu C vegna snjóflóða sem fjallað er um hér að ofan. Vegna færslu byggingarreits til suðurs lengist bílastæði til suðurs að nýrri legu byggingarreits.

Þar sem breytingar á deiliskipulagi eru taldar óverulegar og felast að mestu í færslu á byggingarreitum en ekki breytingu á skilmálum er talið að um sé að ræða óverulega breytingu og þess óskað að breytingin verði afgreidd sem slík. Til vara er óskað eftir að breyting á deiliskipulagi verði afgreidd í ferli sem venjuleg breyting á deiliskipulagi.

Meðfylgjandi er tillaga að uppdrætti breytingar á deiliskipulagi.

F.h. Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Magnús Árnason

Framkvæmdastjóri